

Smanatekkt pistla árið 2020.

Höfundur Konráð Rúnar Friðfinnsson.



Efnisyfirlit.

Bls.

- 01 Kristur gerði nýtt - 22 janúar 2020.
- 02 Sendur til jarðar - 31 janúar 2020.
- 03 Kraftaverk. Verum sólgin í að fá þau - 14 febrúar 2020.
- 04 Orð Guðs er varið - 15 febrúar 2020.
- 05 Þreyta dregur vagninn - 22 mars 2020.
- 06 Kristur gerir vilja Guðs - 28 mars 2020.
- 07 Oft er stutt í vantrú - 3 apríl 2020.
- 08 Frumkirkjan og við í dag - 13 ágúst 2020
- 09 Góð stjórn fjármála - 20 ágúst 2020.
- 10 Biblían talar tæpitungulaust - 21 apríl 2020.

Kristur gerði nýtt.

Kristur kom til að gera nýtt, breyta viðhorfum fólks og fá það til að horfa öðruvísi á sumt í kringum sig. Hann vill að það breyti hugsanagangi sínum og meti fólk eins og það er en ekki út frá fatnaði sem það klæðist. Valdsmaður hefur ákveðin búning sem hana fer í og sést máski ekki öðruvísi en klæddur. Kristur kom til að reisa annað en er í landinu og annað en fólk almennt þekkir. Valdsmenn Krist eru af öðru sauðahúsi en heimsins. Eru samt með vald.

Jóhannes skírari hafði eins og vitað er starfað í nokkurn tíma er Jesús steig fram. Jóhannes er vissulega maður með nokkuð vald en samt ekki hann með allt vald á himni og jörðu. Jesús státar af því öllu og gekk fram sem þessi valdsmaður án þess að bera vald sitt neitt utan á sér né í fatnaðinum sem hann klæddist heldur af verkunum sem hann vann– í þágu fólksins. Jesús með öðrum orðum er afskaplega óvenjulegur valdsmaður en samt manneskja með gríðarleg völd, og allt vald.

Sama má segja um Jóhannes skírara, sem hafðist við í óbyggðum og át villihunang og engisprettur og að sjá lifði á þessu. Hvar eru veisluborðin kringum hann og eða öll skartklæðin og allir mikilfenglegu búningarnir? Þá er ekki að sjá. Samt segir Kristur um Jóhannes að engin sem af konu sé fæddur sé honum meiri. En klikkir svo út með orðunum, að hinn minnsti í himnaríki sé honum meiri. Ef við horfum á fatnaðinn sem hann klæddist var í honum ekki mikinn glæsileika að sjá. Kannski sást bara sóðalegur kall. Glæsileiki Jóhannesar bjó allur innra með honum. Á þetta meðal annars kom Kristur til að benda fólki á og er eitt af þessu nýja sem hann innleiddi í veruleika okkar manna. Hvergi í kringum þessa menn var neitt ytra þrjá. Hvergi glæstir fundarsalir né ríkmannlega útbúin veisluborð eins og til síðs er þar sem hefðbundnar valdastéttir koma saman. Þær vilja ákveðna umgjörð og er eitt af þessu sem Kristur kom til að benda mönnum á en bannar ekki að notast sé við. Verkin tali því. Eins og segir hér:

„Mattuesarguðspjall. 11. 7-10. Þegar þeir voru farnir tók Jesús að tala til mannfjöldans um Jóhannes: „Hvað fóruð þér að sjá í óbyggðum? Reyr af vindi skekinn? Hvað fóruð þér að sjá? Prúðbúinn mann? Nei, prúðbúna menn er að finna í sölum konunga. Til hvers fóruð þér? Að sjá spámann? Já, segi ég yður, og það meira en spámann. Hann er sá sem um er ritað: Ég sendi sendiboða minn á undan þér, hann á að greiða þér veg.“-

Kristur spyr fólkið hvað það hafi farið að sjá þarna í óbyggðum. Ætli það hafi gert sér grein fyrir að þar stæði einn allra merkilegast maður sem heimurinn áður hafði séð? Og hvað sá það? Kall klæddan eins og fátækling og öskrandi út yfir mannhafið um að fólk skuli gera iðrun og að óxin sé þegar lögð að rötum trjána og að hvert það tré sem ekki beri ávöxt verði burt höggvið og á eld kastað. Prúðbúana menn var ekki að finna á stað Jóhannesar né heldur þar sem Kristur starfaði. Og prúðbúið fólk er enn á sama stað. Því er ennþá þjónað, eldað er ofan í það og búið ríkmannlegar veislur- og efnt til funda í fundarsölum með öllum besta mögulega búnaði í og hvergi skorið við nögl í glæsileikanum en hver höndin þó upp á móti annarri af óánægju. Sem er annað mál.

Kristur er ekki þar heldur innanum fólkið að tala við það um fagnaðarerindið. Engin pólitík, ekkert valdabrölt aðeins sannleikurinn sem segir fólki að í því búi eilífur partur sem þurfi að skila sér heim til himins og Drottins. Þetta eru skilaboðin og hið nýja sem kom með Kristi inn i heiminn honum til bjargar. Um þetta fræðir Jesús en ekki loftslagið. Sjáum við ekki að Kristur bendir á önnur viðmið en gilda hér í heimi og að sitt ríki verði með öðrum hætti byggt upp enn þau sem fyrir séu? Og hver veit ekki að klæðnaður hafi ekkert með manngerð að gera. Á þetta samt erum við að horfa og meta fólk út frá. Ekki satt? Jesús lifir! Amen.

Sendur til jarðar.

Sonur Guðs var sendur til jarðarinnar vegna þess að ég er þar. Heimurinn féll í synd fyrir margt löngu og fljótlega eftir að búið var setja allt þar sem átti að vera. Átt við lífið sem heimurinn skildi bera og eru allar tegundir dýra sem þæðu þar fæðu af gróðri jarðar og öllu hinu sem við vitum um að þar sé. Mikið verk unnið sem ég kom hvergi að en fæddist inn í og notaði er aldurinn færðist yfir og nýtti eins og hugurinn vildi. Seinasta verkið sem gerðist til að loka hring sköpunarverksins er maðurinn. Það var maðurinn sem fékk tilmæli frá Guði um að af öllu trjánum í garðinum mætti hann eta en ekki trénu sem stæði í miðjum garðinum. Skepnurnar fengu engin slík tilmæli. Enda af annarri gerð en manneskja með staðbundin skilyrði til lifa á og lifa í. Mannkynið kom, fyllti jörðina fólki og vegna syndafallsins og synda fólks umbreyttist allt hér frá því að vera Paradís í sumpart helvíti. Munum samt að Guð segir um verk sitt: “Harla gott“- og bendir á fullkomleika sinn með Orðunum.

Eftir syndafallið hófst allt þetta pukur og launung og það allt samans sem tekist hefur að skekkja hér margt og eitra sumt. Mynd af þessu sjáum við strax eftir að fyrsta fólkið valdi að hlusta á röddina sem þeim var bannað að gera og vera nálægt en forvitnin rak aftur og ítrekað til. Að endingu var ávöxturinn etin sem tréð gaf af sér. Og þá var ekki að sökum að spyrja. Fyrsta birtingarmyndin af alvarleika óhlýðni fólks við almáttugan Guð er komin fram.

Skelfilegur óttinn er mættur. Það Satans öflugasta vopn. Og Adam og Eva mættu ekki er Guð kom. Og Guð kallaði: „Adam! Hvar ertu?“- Skoðum framhaldið:

„1Mósebók 3. 10-13. Og hann svaraði: „Ég heyrði til þín í aldingarðinum og varð hræddur því að ég er nakinn, og ég faldi mig. Hann sagði: „Hver sagði þér að þú værir nakinn? Hefur þú etið af trénu sem ég bannaði þér að eta af?“ Maðurinn mælti: „Konan sem þú hefur sett mér við hlið, hún gaf mér af trénu og ég át.“ Þá sagði Drottinn Guð við konuna: „Hvað hefurðu gert?“ Konan svaraði: „Höggormurinn tældi mig og ég át.“-

Hér má og sjá löst upp kominn sem ekki var áður sem eru allar þessar afsakanir og réttlætningar af eigin vondu breytni, vegna ákvarðanna. Allt er afleiðing ákvarðanna fólks. Ekki gleyma þessu.

Við sjáum að allt á sitt eigið upphaf sem rekja má rekja til ákveðins atburðar sem skeði. Já, skeði. Syndafallið og afleiðingar syndar er engin draumur sem maður og eða kona eitt sinn dreymdu heldur raunverulegt verk af ákvörðun. Syndafallið skeði og við sitjum enn uppi með það en fáum frið fyrir, inn á milli alltént, vegna miskunnarverks lifandi Guðs sem hann lét Son sinn eingetinn taka út á sjálfum sér í okkar stað. Fórnin er gerð af kærleika hans sem er skapari sem vildi með þessum hætti hlífa mér sem þó hafði yfir mér sekt andspænis sér sem ekki yrði afmáð nema af kærleika Guðs einum og verksins sem hann lét Son sinn vinna og er ekkert annað en Guðs gjöf, sem fær kveikt mér þakklæti í hjarta. Sjáum við kærleika Guðs? Sumir já en frá leitt allir. Þeir sem ekki sjá kveikir svona þæling líklega reiði. Eftir syndafallið hefur hjarta manneskju verið óútreiknanlegt. Er fólk enda blindað af óvini sem gerir hvað sem er sjálfur til að menn og konur sjá ekki dýrð skína af Guði.

Samt kom lausnin og birtist heiminum á krossinn og er saklausu blóði var fórnað í kvöl. Skoðum aðdraganda lausnarinnar:

„Mattuesarguðspjall: 20. 18-19. „Nú förum við upp til Jerúsalem. Þar verður Mannssonurinn framseldur æðstu prestum og fræðimönnum. Þeir munu dæma hann til dauða og framselja hann heiðingjum svo að þeir hæði hann, húðstrýki og krossfesti. En á þriðja degi mun hann upp rísa.“- Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Kraftaverk. Verum sólgin í að fá þau.

Sannleikur er að menn geti haft áhrif á það sem verið sé að gera. Sem getur verið ýmislegt. Þeir gera það með orðum sínum, framkomu, neikvæðni auðvitað, oft er svona lagað af beinni neikvæðni af því kannski að skilja ekki en gerir að verkum að flest sem átti að ske gerði það ekki né gat. Í þessu má segja að Kristur hafi lent í er hann var á Akrinum að gera vilja Föður síns, sem eins og við vitum, er skapari himins og jarðar. Skoðum eitt atvik sem vel má flokka undir ofanritað:

„Markúsarguðspjall. 6. 3-6 Er þetta ekki smiðurinn, sonur Maríu, bróðir þeirra Jakobs, Jóse, Júdasar og Símonar? Og eru ekki systur hans hér hjá okkur?“ Og þeir hneyksluðust á honum. Þá sagði Jesús:

„Hvergi er spámaður minna metinn en í landi sínu, með frændfólki sínu og heimamönnum.“ Og hann gat ekki gert þar neitt kraftaverk nema hann lagði hendur yfir nokkra sjúka og læknaði þá. Og hann undraðist vantrú þeirra.“-

Við sjáum að jafnvel vantrú þeirra sem í kring eru geta haft áhrif á Guðsfólk að verk sem það er komið til að vinna og sent af sjálfum skaparanum til að gera hindrast og svo farið að ekkert yrði af neinu vegna mikillar vantrúar á staðnum sem jafnvel Jesús Kristur, sjálfur frelsarinn, varð að beygja sig undir og viðurkenna að sé fyrir hendi.

Við sjáum að Kristur lendir í þessu og viðurkennir sjálfur að sé honum hindrun þar sem hann þá var niðurkominn og ástæðan fyrir að hafa ekki getað gert allt það sem vænst var af honum og hann kom til að sinna. Og fyrir hverja? Auðvitað fólkið á staðnum, til lækningar sjúkra sem misstu af sinni lækningu vegna vantrúar og radda sem töluðu niður verk lifandi Drottins sem með efanum og röflinu í kring var tekið frá því vegna þess að neikvæð rödd fær upp í háls af því sem hún sér, og að sjá, fer nokkuð mikinn á staðnum.

Við sjáum ástæðuna að er öll af völdum þessara neikvæðu niðurrifsradða: „Hey, er þetta ekki sonur Palla smiðs og hennar Silvíu frænku minnar, og eru ekki bræður hans Sigmundur, Jósafat og Árelíus og hann þarna, hvað heitir hann aftur? Já Konráð, og hafa ekki systur hans tvær oft unnið hjá okkur og önnur af þeim afgreitt í versluninni og hin skúrað gólf leikskólans? Hvað eiginlega heldur þessi hann að hann sé“- gætu þeir hafa klykkt út með eftir alla hneykslunina. Alveg er ljóst að þessi mannagrey eru útúr hneyksluð á því sem þeir verða vitni að og ástæðan fyrst og fremst hún að þeir þekktu Krist persónulega sem mann af því að vera í flokki skyldmenna þeirra og eða næstu nágrannar. Kannski var hann í þeirra augum í einn sveimhuganna bænum?

Með öðrum orðum að þá fannst þeim aldrei neitt til um hann og kemur á sinn hátt fram í texta þeim sem Jesús sjálfur talar um „að hvergi sé spámaður minna metinn.... „- Og svo framvegis. Og er hann mætti heim til sín og til síns næsta nágrennis og á sínar gömlu slóðir, eftir að þjónusta hans er hafin, að þá opinberast afstaða hjartanna á staðnum sem á eftir mælir öll sín neikvæðu orð til hans og þar með lokar á eigin blessun sem Kristur kom til að gera. Og hvað sá fólkið? Líklega bara einhvern monthana. Allavega ekki Krist. Þá líka hefði fólkið séð góðu verkin sem hann þó framdi en hin skemmdu með orðum sínum og neikvæðni að meira gott gerðist: „Hver er sinnar eigin gæfu smiður.“-

Verum ekki fólkið sem stöðvun blessun til hvort sem er okkar sjálfra né hinna í kring né fólkið sem Kristur segir um að vegna vantrúarinnar á staðnum hafi það bundið hendur sínar sem á staðnum sér bara hrokafylltan mann. Hrokinn fyrimunar fólki að sjá verk Drottins. Já! sá veiklundaðasti og ómögulegasti í hópnum gæti veri hann sem Drottin lætur gera kraftaverk.

Orð Guðs er varið.

Sönnun þess til okkar mannanna um að Guð vaki sjálfur yfir Orði sínu sjáum við víða í Biblíunni. Enda alltaf viðmiðið er kemur að því að tala út Orð Guðs og er miðja allra umræðu vilji menn fjalla um merkilegan og mikilvægan Guðs veg og gera með sæmandi hætti. Að þýðing Biblíunnar í heild sé losaraleg er rosalega langsótt mál. En þessu hefur veið haldið fram gagnvart nýjustu þýðingunni. Að mínu áliti er slíkt útilokað. Margir standa vörð með Drottni og gera í bæn. Trúið þessu. Stendur Guð sjálfur vörð um allan grunn sem hann leggur og mun í eigin persónu stöðva allt sem lýtur að því að hrófla við einu né neinu af sínu.

Margir hafa heyrt um „Myrku Miðaldirnar“ og tengja máski að hluta til kirkju. Myrku Miðaldirnar eru þó talsvert eldra fyrirbæri sem margir telja að hafi hafist við fall rómaveldis 476 eftir Krist og staðið til um 1500 eftir Krist og hafi endurreisnin hafist er Spánverjinn Kristófer Kólumbus „fann“ Ameríku. Margt gekk úr skaftinu við fall rómaveldis bæði á sviði lista og verslunar sem fór hnignandi en byrjar aftur að rétta úr sér eftir árið fimmtán hundruð. Hugsíð ykkur vítamínsprautuna er ljóst var um afrekið sem Kólumbus vann og hugsíð ykkur doðann sem einkenndi löndin fyrir þann tíma í yfir eitt þúsund ár. Eftir því sem mér skilst vilja fræðimenn ekki lengur tala um þetta tímabil sem eitthvað sérstaklega Myrkt því auðvitað voru í því ljóstýrur. Eins og alltaf er.

Ljóst er að Guð vaki yfir Orði sínu og ábyrgist upp á eigin spýtur. Við vitum að vandinn sem við var að eiga í Kapólsku kirkjunni umtíma á öldum áður er að prestar fluttu predikun sína á Latínu og máli sem fólkið skyldi ekki. Orðið sjálft var og skráð á Latínu og fólkinu því gagnslaust. Þetta olli því að prestarnir gátu í raun og veru kennt fólkinu hvað sem þeir sjálfir vildu án þess að almúginn hefði möguleika á að lesa sig til og aðgætt um réttmætið. Það treysti bara prestum sínum og töldu þá leiða sig um réttan veg, sem aldeilis var ekki í öllum tilvikum. Á þessum tíma voru uppi galdrabrennur þar sem svokallaðir „trúvillingar“ voru brenndir lifandi á báli á opinberum torgum og almenningur látin horfa á. Hvernig er svona gerlegt nema að áður sé búíð er að afvegaleiða hjörðina með rangri kennslu. Fólkið trúði eðlilega orðum klerka. Skelfilegt og frá leitt að hafi verið vilji Guðs sem vill að sérhver okkar gangi með sér og beri sjálf ábyrgð á trú okkar.

Í eðli kirkjunnar er að rétta sig af og gera Orðið aftur áreiðanlegt. Rétt Orð Guðs fellir allt svona um koll og fjarlægir hina seku úr púlti. Og skipið verður aftur án neins halla. Er það ekki annars sannleikur málsins? Samt var málið á þessum tíma ekki fyrirfram að menn hafi stuðst við ranga þýðingu heldur var framkvæmdin á sinn hátt saknæm og vandinn að stórum hluta og Orðið allt á Latínu, sem var fólkinu óskiljanleg, eins og áður segir.

Skoðum Orðið:

„Markúsarguðspjall. 7. 6-8. Jesús svarar þeim: „Sannspár var Jesaja um ykkur hræsnara þar sem ritað er: Þessir menn heiðra mig með vörunum en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig því að þeir kenna það eitt sem menn hafa samið. Þið hafnið boðum Guðs en haldið erfikenning manna.“ Og:-

„Markúsargeðspjall, 7. 9-13. Enn sagði Jesús við þá: „Listavel gerið þið að engu boðorð Guðs svo þið getið rækt erfikenning ykkar. Móse sagði: Heiðra föður þinn og móður þína, og: Hver sem formælir föður eða móður skal deyja. En þið segið: Ef maður segir við föður sinn eða móður: Það sem ég hefði átt að styrkja þig með er korban, ég gef það til musterisins, þá leyfið þið honum ekki framar að gera neitt fyrir föður sinn eða móður. Þannig látið þið erfikenning ykkar, sem þið fylgið, ógilda orð Guðs. Og margt annað gerið þið þessu líkt.“- Að menn bulli með Orð Guðs er ekki nýtt fyrirbæri.

Þreyta dregur vagninn.

Ástandið getur orðið með þeim hætti að við verðum svo þreytt á því að við viljum með hvaða hætti sem er losna undan „þessu endalausa nuddi, juði og tuði.“- Allt í kring hefur verið með þeim hætti að allskonar upphlaup og stóryrði hafa gangið án þess að við sjálf höfum beðið um né á neinn hátt getað spyrnt við fæti. Og við verðum þreytt og fáum loks upp í háls. Ekkert ætlar að breytast. Sem er rangt. Allt hefur sinn tíma.

Er maður leiðir hugana að þeim dögum sem Kristur var upp á sést að samtími hans upplifir bæði súrt og sætt. Óstjórnlega gleði og hamingja saman við leiðindi og upphlaup og neikvæða umræða. Allt í kringum þennan eina mann, sem þó bað um ekkert af þessu, er á vörum fólksins. Vandinn lá alls ekki hjá honum sjálfum heldur í afstöðu fólksins til sín. Sem ýmist var með honum eða algerlega andstætt honum.

Við munum eftir illu öndunum sem maðurinn í gröfunum var haldinn af og hvert þeir fóru eftir að hafa verið reknir út af manninum. Munum að Kristur sendir þá í svínahjörð sem þar var á beit skammt frá og að öll svínin trylltust og að hjörðina fór af stað og hljóp stjórnlaus fram af hamrinum sem þar var og ofan í vatn og druknaði. Munum og hvað íbúar þorpsins sem átti þessa svínahjörð sögðu við Jesús að þeir báðu hann um að yfirgefa þá. Sem hann og gerði. Kristur er með þá reglu að vilji menn hann ekki kemur hann heldur ekki.

En hver er grunnur ákvörðunar þorpsbúa? Getur verið að fólkið hafið áður verið búið að heyra allskonar sögur af þessum Jesús og ekkert kært sig um hann hjá sér né allt vesenið í kringum hann og að eftir að svínin öll í þeirra eigu eru dauð og að það hafi bundið á endahnútinn á ákvörðun fólksins? Máski? Já! Sennilega. Líklegt er að fólkið í þorpinu hafi verið búið að heyra allskonar um Jesús. Allavega óskar það eftir því við hann að hann verði ekki kyrr hjá því. Maðurinn sem varð heill skiptir það greinilega engu máli. Hafði maður þessi enda í langan tíma hrellt þorpsbúa með skelfilegu ástandinu á sér: „Fuss! Ég þekki hann. Þessi breytist ekki neitt.“- Samt var hann breyttur. Íbúarnir voru orðnir dauðþreyttir.

Þreytan er lýjandi horfi menn framan í að þetta ætli ekkert að breytast. Skoðum ritninguna:

„Lúkasarguðspjall. 23. 20-24. Pílatus talaði enn til þeirra og vildi láta Jesús lausan. 21 En þeir æptu á móti: „Krossfestu, krossfestu hann!“ Í þriðja sinn sagði Pílatus við þá: „Hvað illt hefur þá þessi maður gert? Enga dauðasök hef ég fundið hjá honum. Ætla ég því að hirta hann og láta hann lausan.“ En þeir sóttu á með ópi miklu og heimtuðu að hann yrði krossfestur. Og þeir höfðu sitt fram. Þá ákvað Pílatus að kröfu þeirra skyldi fullnægt.“-

Hér mögulega má sjá viðbrögð af beint þreytu sem kominn er yfir liðið af ástandinu sem verið hafði í landinu í nokkur ár og við lesum um í Guðspjöllunum. Takið eftir því, í nokkur ár voru í gangi allskonar upphlaup og upphrópanir. Slíkt þreyttir fólk. Trúð því.

Þessa þreytu má sjá í ofsafengnum viðbrögðunum þarna á torginu: „Losum okkur við hann. Látum krossinn fá hann.“- sagði fólkið. Kannski vissi obbi manna á staðnum að Jesús hefði ekkert unnið sér til sakar. Þreytan og hugsunin um að þessu muni aldrei ljúka tel ég að hafi átt þarna fleiri en eitt atkvæði: „Ætlar þetta aldrei að stoppa?“- pælingin. Hún öll saman.

Allt verkferlið á staðnum er samt tær vilji Guðs. Þetta vitum við. En Drottinn sýnir okkur meira. Bendir okkur á hvernig langvarandi neikvætt ástand gersamlega gerir fólk uppgefið að það á þá ósk eina að þessu bara ljúki til að það sjálft fái snefil af friði. Hversu oft hefur það ekki gerst að þreytan hreinlega verði til þess að málum ljúki þó útkoman sé kannski ekki sú besta sem völ sé á en þreytan og upphlaupinn kringum mál sögðu:- „Stopp. Nóg er komið?“

Kristur gerir vilja Guðs.

Vantrú gengur ótrúlega oft með okkur sem þekkjum Jesús og birtist oft og víðar en við máski hyggjum. Vantrú er máski of sterkt til orða tekið með sum okkar því réttara væri að benda á allan þennan efa og þetta skilningsleysi sem oft er okkur samferða á göngunni með Jesús þó við séum heil á þessari göngu og það allt saman. Það er að segja megi nota orðið „heill“ um nokkurt okkar þegar trúin á Jesús er annars vegar. Átt við allt sem getur gripið okkur þegar minnst varir og gerbreytt svo mörgu hjá okkur um trú og hví við iðkum trú. Allt þekkt og engin ný frétt sögð hér.

Sannleikurinn er að mörgum getur og hefur reynst erfiðleikum bundið að sjá Drottinn sem þennan almátuga Guð sem ekkert sé um megn og Guð sem varðveiti okkur, verndi og Guð sem haldi utan um það sem okkar er ásamt okkur og mæti öllum þörfum okkar og sumum löngunum einnig. Allt vegna þess að maðurinn er afskaplega miklum takmörkunum háður og lifir að mestu við aðstæður að trúa því sem hann sér og getur þreifað á en efast í raun um margt en kannski ekki allt. Trúin er hér einmitt til að víkka út sjóndeildarhringinn og fá okkur til sjá, með þá okkar andlegum augum, mátt og mikilleik lifandi Guðs:

„Jóhannesarguðspjall. 11. 23-28. Jesús segir við hana: „Bróðir þinn mun upp rísa.“ Marta segir: „Ég veit að hann rís upp í upprisunni á efsta degi.“ Jesús mælti: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig mun aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu?“ Hún segir við hann: „Já, Drottinn. Ég trúi að þú sért Kristur, Guðs sonur, sem koma skal í heiminn. Að svo mæltu fór hún, kallaði á Maríu systur sína og sagði í hljóði: „Meistarinn er hér og vill finna þig.“-

Marta segist vita að Jesús sé Drottinn og hafi verið sendur til jarðarinnar og sé sá Guð sem hann segist vera, en gerir strangt til tekið samt ekki. Hún getur ekki á þessu andartaki séð né heldur skilið það sem eyru hennar heyra um að Drottinn Jesús sé komin til þeirra til að birta dýrð Guðs fyrir augum hennar. Samt er Jesús maðurinn sem hún opinberlega viðurkennir að sé sá Drottinn og Konungur sem Ísraelsþjóðin vænti í aldir og hún veit að sé hér hjá sér, í þá orðanna fyllstu merkingu. Allt er til staðar nema trúin sem getur ekki, að sjá, meðtekið sumt.

Hver í raun sem á staðnum var trúði því að þeir, já akkúrat þeir, mundu sjá liðið lík sem byrjað var að rotna lifna við og ganga áfram með þeim án þess að neitt þannig séð mundi breytast þó dauðinn hafi knúði hjá honum dyra og krafist hans. Og líka fengið. Já, hver á staðnum átti til slíka trú. Ekki Marta sem þó viðurkennir Jesús sem hann sem átti að koma og sé sinn Guð og frelsari en meðtekur ekki Orð Drottins nema sum. Sumt sem við gerum og horfum á og vitum um er svo fast greipt í hjartað að skilningur á öðru kemur ekki. Dauði sem sækir manneskju og tekur er eitt af þessu. Hver skilur annað en manneskjan sé okkur endanlega horfin? Allir sem deyja eru í vitund okkar farnir. Margri trúa því eins og ég geri sjálfur að deyi menn í trú á Kristi munum við sem trúum í dag hitta þetta fólks. En að einhver lifni við sem dáinn er og meira, kominn í gröfina, er erfiðara að eiga við. Þrátt fyrir trú sem telst vera í ágætum farvegi. Hneykslumst því hæfilega á viðbrögðum þeim sem vel má greina þarna á staðnum. Vissulega trúum við en sumt erfiðara öðru að meðtaka í rauntíma eins og til að mynda endurlifnun verandi við gröf hans.

Það sem við sjáum ekki og hefur litla og enga trú fyrir, en trúum þó, svolítið hipsum happs, er þessi kraftur í Jesús sem getur ef hann sjálfur vill breytt kringumstæðum andartaksins. Sjáum við ekki hve oft vantar upp á þessa trú okkar? Margir samt höfðu þegar viðurkennt Jesús sem þennan Konung sem kæmi án þess að koma auga á þetta hjálpraði sem bærisk þeim í dag af völdum þessa Konungs konunganna ef hann sjálfur vildi. Að sjá hann sem þetta getur verið verulega erfitt og meira vandkvæðum bundið að koma auga á.

Biblían talar tæpitungulaust.

Í eðli ritningarinnar er að tala tæpitungulaust. Heitir líka að segja umbúðarlausan sannleika. Sumir segja um hann að hann sé sagna bestur. Taka má undir sjónarmiðið. Samt er það svo með þennan frábæra sannleika að ekki leikur hann alltaf neitt sérlega vel um eyru fólks er hann berst heldur vekur allskonar viðbrögð og oft afskaplega sterk. Svo sterk stundum að menn ráðast gegn og hætta ekki fyrr en allt líf er fjarað úr manneskjunni sem orðin sagði. Hve margir ætli hafi fallið af sannleikans völdum sem talaður var í eyru fólks sem tók honum ekki vel og trylltist af? Fleiri en okkur grunar liggja í valnum eftir að hafa sagt sannleikann. Biblían greinir frá nokkrum sem þannig enduðu ævi sína. Kristur er ekki einn. Um þetta atriði vitnar Jesús hér:

Matteusarguspjall 23. 35-36. Þannig kemur yfir yður allt saklaust blóð sem úthellt hefur verið á jörðinni, frá blóði Abels hins réttláta til blóðs Sakaríá Barakíasonar sem þér drápuð milli musterisins og altarisins. Sannlega segi ég yður: Allt mun þetta lenda á þessari kynslóð.“- Fólkið sem hann þarna talar við eru ekki einstaklingarnir sem sjálfir frömdu þetta tiltekna ódæði. Enda löngu gert verk. Samt tekur hann svo til orða og bendir á að vissu leiti á þetta fólk og gerir af þeirri ástæðu að sama hugsun og sami þanki er enn til staðar í hjörtum fólksins. Þetta verður Kristur var við er hann enn gekk um á meðal þjóðar sinnar. Segir hann enda á einum stað: „Hví sitjið þér um líf mitt.“ Og voru ekki bæði Kristur og örlitlu síðar í Stefán myrtir vegna þess að segja öðrum sannleikann? Liggur ástæða dauða þeirra ekki fyrir? Skoðum þessi áhrifaríku orð Stefáns:

„Postulasagan. 7. 51-53. Þið harðsvíraðir og óumskornir í hjörtum og á eyrum, þið standið ávallt gegn heilögum anda eins og feður ykkar. Hver var sá spámaður sem feður ykkar ofsóttu eigi? Þeir drápu þá er boðuðu fyrir fram komu Hins réttláta og nú hafið þið svikið hann og myrt. Þið sem fenguð lögmálið um hendur engla hafið samt eigi haldið það.“ – Þetta eru orðin sem brjálaði liðið og fengu alla inni sem einn mann til að ráðast gegn Stefáni og hrekja útfyrir. Staðreyndin er að bara fáir í samtíma Stefáns sáu hann sem þennan mikla Guðsmann sem tíminn og sagan hefur rækilega staðfest að væri. Tíminn og sagan eru annað. Sagan og sagnirnar eru því til að læra af. Það er þetta sem Kristur á við er hann talar um, sem þér drápuð á milli musterisins og altarisins. Hann bendir á þankann sem uppi sé. Og en er vandinn er sami. Við sjáum bara stundum guðsmanninn sem gengur samferða okkur þó að Drottinn mæli með honum. Sæjum við sama og Drottinn væri þá líklegt að við tækjum upp steina til að grýta? Örugglega ekki. Samt hafa grúi spámanna Drottins gegnum aldirnar verið myrtir af því að menn sjá ekki sama og Drottinn. Nútíminn segir okkur sama og ekki neitt. Hve margt fólk sá Jesús sem frelsara heimsins? Fáir. Hefur eitthvað breyst? Ég varpa spurningunni til þín. Bara sumir í tíð Jesús sáu og sumir í dag sjá. Samt var fólkið nógu margt til að hægt væri að stofnsetja frumkirkjuna og hefja boðun Orðsins.

Þetta er ástæðan fyrir að Kristur leggur alla þessa ofuráherslu á að sitt fólk lúti sér og keppi eftir að gera vilja sinn og lífi í sátt og samlyndi og ástundi kærleika sín á milli. Hann veit um tíðarandann. Þekkir þankann og veit um takmarkannirnar sem hver maður er haldinn. Viðblasandi tíðarandi, núíð, segir öllum fátt. Seinna má vinna úr og koma fram með máski heildamynd. Og sannur Guðsmaður opinberast eins og gerðist með Stefán sem samtíminn grýtti til bana og gerðu að góðan róm. Samanber Sál, síðar Páll, sem gladdist af verkinu.

Kristur bendir á þankann. Að hann sé enn uppi. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Frumkirkjan og við í dag.

Vitað er að mikið ströggli geti verið fólki að halda sér á staðnum sem það uppgötvaði á að til væri Guð. Það mann lengi atvikið og gerir af ástæðu. Guð veit um gönguna framundan sem ekkert okkar með neinum mætti fær áttað sig á, enn standandi á „bleiku skýi“- Er tímar líða rennir það huganum til upphafsins og rifjar upp. Fyrstu viðbrögð eru mikill og af ráðnum hug gert. Og fólk mann frelsun sína alla ævi. Andartakið lifir með því og sannleikurinn um tilveru Guðs og frelsara. Bæði blasir við á andartaki frelsunarinnar. Þetta má þakka Guði sem veit. Drottinn sér um sína og hefur leiðirnar sem við svo oft sjáum ekki. Þær eru liður í áætlun lifandi Guðs. Sum okkar yfirgefum söfnuðinn og sum okkar til frambúðar. Sjáum engan tilgang lengur með veru okkar þar. Þetta eru röng viðbrögð. Allir menn ráða sínu lífi sjálfir og taka einir ákvörðun um hvernig því skuli lifað. Já, fólk hverfur frá en ekki Drottinn sem á hverjum tíma gerir kirkjuna öflug. Annað fær ekki staðist:

„Galatabréfið 1. 18 – 20. Það var fyrst eftir þrjú ár að ég fór upp til Jerúsalem til að ráðgast við Kefas og dvaldist hjá honum hálfan mánuð. Ég sá engan af hinum postulunum nema Jakob, bróður Drottins. Guð veit að ég lýg því ekki sem ég skrifa ykkur.“- Hér kemur Páll með vel þekkta staðreynd sem við öll vitum af. Menn víla ekki fyrir sér að yfirgefa stöðu sína í kirkjunni og hverfa til annarra verka og starfa. Og sumir til frambúðar. Samt er fólk frelsað og hvert einasta af því upplifað hvað það sé að frelsast og muni áhrifin sem frelsunin til að byrja með hafði og hvernig þeir sannfærðust í hjarta sínu um að ekki bara væri til lifandi Guð heldur kom svo margt annað inn sem logarnir skinu af og gáfu fólkinu nýja von og nýjar og eldlegar og Guðlegar hugsanir. Ekki er annað að sjá en að allt þetta sé horfið er Páll er með þessum söfnuði aftur eftir þrjú ár. Páll segir að hann hafi engan séð nema Kefas og Jakob. Slíkt segir ekkert um hvort fleiri hafi ekki tilheyrt söfnuði þessum er Páll. Þó er ljóst flest af fólkinu er Páli ókunnugt.

Segir Páll svo frá að ekkert af þessum bræðrum hafi hann séð er hann fór til að hitta Kefas, nema hann og Jakob. Við sjáum að það sem við búum við hefur verið við lýði frá stofnedeigi kirkjunnar. Ritningaversið er frá tíma frumkirkjunnar sem við oft tölum um sem tíma trúar og afls trúar en ósjáanlegt í dag. Páll talar með öðrum hætti og sömu tungu og ég og þú gerum árið 2020. Gott að hugleiða að tímarnir voru ekkert betri þá né heldur verri. Bara eins.

Engin grundvöllur er fyrir umræðunni um að kirkja dagsins sé slöpp, kraft- og máttlaus. Kirkjan hefur á öllum tíma þurft að hafa fyrir tilveru sinni. Páll staðfestir þetta með orðum sínum um að engan nema Kefas og Jakob hafi hann séð. Munum! Páll dvaldi hálfan mánuð hjá þeim og því líklegt að einhver þeirra hefðu þá látið sjá sig en gerðu ekki. Enda hornir á braut.

Allt sett fram í Orði Guðs til að við skiljum um hvað málið snúist og hve mikilvægt sé að láta trú voru verja okkur, kenna okkur, umfaðma okkur og vort daglega verkefni.

Að sjá mætir Páli frekar dauflegur söfnuður í Jerúsalem. Að setja þetta fram í Orði Guðs er til uppörvunar og hvatningar um að halda verki Jesús áfram. Þó maður yfirgefi söfnuð, slæmt og það allt, er Jesús enn hinn sami. Sú víska skal vera uppörvun hvernar manneskju sem á til trú. Hún veit nú að með þessum hætti hafi þetta verið. Sumir gætu ásakað sig sjálfa vegna fólks sem sté til hliðar. Þá er gott að muna að slíkt er alltaf sjálfviljaákvörðun manneskju og öðrum óviðkomandi. Við leiðbeinum fólki. Stjórnnum engum. Á dögum Páls var sama kerfi í gildi.

Svolítið annað er í gangi hér. Skoðum það: „Galatabréfið 1. 23 -24. Þeir höfðu einungis heyrt sagt: „Sá sem áður ofsótti okkur boðar nú trúna sem hann áður vildi eyða.“ Og þeir vegsömuðu Guð vegna mín.“- segir Páll í Galatabréfi.“

Góð stjórn fjármála.

Oft getur verið gaman að fletta upp í Biblíunni og bera saman sumt sem gerðist við daginn í dag. Ótrúlega oft má finna samlíkingar sem undirstrika að allt fari þetta í eintóma hringi og það sem er hafir áður gerst. Þó undir öðrum formerkjum sé en á það sameiginlegt með nútímanum að gera ástandið grafalvarlegt og raska verulega daglegu lífi fólks.

Skoðum dæmi sem ég tel að vel megi heimfæra á tíma þá sem nú eru uppi í, já, öllum heiminum:

„1Móssebok 41. 46-49. Jósef var þrítugur að aldri er hann gekk í þjónustu faraós Egyptalandskonungs. Síðan hélt Jósef burt frá faraó og ferðaðist um allt Egyptaland. Nægtaárin sjö varð mikil uppskera í landinu. Þá lét Jósef safna saman öllum vistum nægtaáranna sjö í Egyptalandi og safnaði vistunum í borgirnar. Í sérhverja borg safnaði hann vistunum af ökrunum umhverfis hana. Jósef hrúgaði saman korni sem sandi á sjávarströnd. Það var svo mikið að menn gáfust upp á að mæla það því að það varð ekki mælt.“-

„1Mósebók 41. 53-57. Þegar nægtaárin sjö í Egyptalandi voru á enda tóku við sjö ár hungursneyðar eins og Jósef hafði sagt. Í öllum löndum var hallæri en um allt Egyptaland var til brauð. Þegar hungursneyðin gekk síðan yfir allt Egyptaland heimtaði lýðurinn brauð af faraó en hann svaraði: „Farið til Jósefs og gerið eins og hann segir ykkur. Hungrið gekk yfir allan heiminn og Jósef opnaði öll forðabúrin og seldi Egyptum korn er hungrið svarf að í Egyptalandi. Menn komu þá frá öllum löndum til Egyptalands til þess að kaupa korn hjá Jósef því að hungrið svarf hvarvetna að.“-

Hér er talað um hungursneyð yfir allan heiminn. Allir vita að í slíku árferði eru allar forsendur sem áður voru til staðar brostnar og þær þjóðir einar standa upp úr sem gert hafa ráðstafanir sem mæti þessu. Stjórn ríkis krefst visku. Að eyða öllu vegna þess að til sé aur til að kaupa fyrir eru ekki alltaf í mikil hyggindi. Þjóð sem engu safnar og ekkert leggur til hliðar af fjármunum sínum í góðæri lítur ekki góðri stjórn og hefur ekkert uppá að hlaupa gerist eitthvað.

Í sögunni segir að faraó konungur Egyptalands hafi fengið þunga drauma og að Guðsmaðurinn Jósef hafi einn getað ráðið drauma konungs. Og er hann spyr Jósef ráða gefur hann þau ráð að safnað skuli kornbyrgðum og þær geymdar í hlöðum til síðari nota. Jósef er settur yfir verkið og varð á einni nóttu næstæðsti maður Egyptalands. Er kreppan reið yfir eru Egyptar það vel settir og eiga til nægan matarforða sem entist þeim í þessi sjö ár sem neyðin í landinu stóð og gátu veitt öðrum þjóðum hlutdeild með sér í gæðunum.

Við sem fylgjumst með stjórnámálum á Ísandi vitum að hæstvirtur núverandi fjármálaráðherra Ríkisstjórnar Íslands herra Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur á umliðnum árum lagt svoltið af innkomu landsins inn í sérstakan sjóð sem ekki má hreyfa við nema undir sérstökum kringumstæðum. Og hvað er COVID-19 annað ein óvænt atvik og beinar hamfarir sem engin reiknaði með og teygir sig samt til allra ríkja veraldar og sett flest þar úr skorðum hjá bæði ríkum þjóðum og fátækum þjóðum? Menn standa frami fyrir því að hugsa margt alveg upp á nýtt og öll framtíðarplön útilokuð, eins og sakir standa. Einnig hefur verulega dregið úr framleiðni, sem nú er ekki svipur hjá sjón. Í öllum þessum löndum er ekki sama ásigkomulag og var í byrjun ársins 2020. Sumt skeður snögg.

Þjóðir sem lögðu alla fjármuni sem þær gátu í sjóð eru þjóðir sem standa uppúr og mögulega að mestu sleppa með skrekkinn. Góð stjórn fjármála er lykilstaða þjóða þegar upp er staðið. Af góðri stjórn fjármála þiggja Íslendingar nú þökkalega uppskeru og talsvert meira öryggi.